

Erindisbréf umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd Kjósarhrepps er skipuð af sveitarstjórn Kjósarhrepps og í henni skulu sitja þrjú fulltrúar og jafn margir til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

Formaður boðar fundi með dagskrá. Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir. Fundargerð nefndarinnar er færð í tölvu. Skrá skal í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Skulu allir viðstaddir undirrita útprentaða fundargerðina, sem fara skal til varðveislu í sérstakri möppu. Skal fundargerðin birt á heimasíðu Kjósarhrepps innan 5 daga.

Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilfellum víkja af fundi. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og formaður boðar þá fyrsta varamann.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst verða samkvæmt lögum og í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa

Hlutverk og verkefni umhverfisnefndar er að:

- Gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu í umhverfis, náttúruverndarmálum samkvæmt náttúruverndarlögum, sbr. lög nr. 60/2013 og hafa eftirlit með að stefnunni sé viðhaldið.
- Fara með landbúnaðarmálefni, sbr. lög nr. 38/2013 og lög nr.64/1994.
- Hafa að markmiði að unnið sé eftir Staðardagskrá 21
- Að vera eftirlitsaðili þeirra svæða sveitarfélagsins sem eru á náttúruinjakrá ásamt friðlandi fugla, skógræktar, opnum svæðum og útivistarsvæðum og göngustígum.
- Stuðla að merkingu og kynningu á náttúruinjum svo og þeim stöðum sem hafa sérstakt útivistar og sögulegt gildi.
- Hafa umsjón með merkingu örnefna.
- Að veita sveitarstjórn umsögn um svæðis, aðal- og deiliskipulag.
- Að fjalla um legu reiðstíga, hjóla- og göngustíga og gera tillögur um forgangsroðun þeirra.

- Að stuðla að fegrun sveitarfélagsins og snyrtilegri umgengni og leggja sérstaklega áherslu á samstarf við félagasamtök, sumarhúsaeigendur, bændur og einstaklinga í því sambandi.
- Að hafa frumkvæði að endurvinnslu og sorpflokkun og stuðla að fræðslu og kynningu á þeim málaflokkum fyrir íbúa sveitarfélagsins
- Fara yfir skipulagið á endurvinnsluplaninu og hvað mætti betur fara þar til að minnka kostnað.
- Fara yfir staðsetningu og gerð á gámum í sveitarfélaginu, koma með tillögur um hvað mætti betur fara.
- Að fjalla um þau málefni sem sveitarstjórn felur nefndinni hverju sinni

Umhverfisnefnd skal fá til umsagnar áætlanir um verklegar framkvæmdir sem stofnað geti í hættu umhverfispáttum sem sérstakt gildi hafa og er líklegt að hafi áhrif á náttúruna

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnalega nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps og tekur gildi 4. september 2018.